



Hella, 14. nóvember 2024
2402077 JRÖ

Til þess er málið varðar

Efni: Hagi við Selfjall 2. L176252-Grenndarkynning

Hagi við Selfjall 2. Grenndarkynning

Breyting á deiliskipulagi


Á fundi skipulagsnefndar 7. nóvember 2024 var lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Haga við Selfjall vegna breytingar á gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið, dags. 10.6.1992, þar sem heimiluð verði áform um útleigu gistingar í flokki II ásamt rekstri til leiðtoga- og heilsupjálfunar. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi, úr frístundasvæði í verslunar- og þjónustusvæði, er í ferli. Í breytingunni felst að aðkoma frá Hagavegi inn á svæðið færist norðar.

Með vísan til 2. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2010 er eftirtöldum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna:
Lóðareigendum við Haga við Selfjall 1, 3, 4, 5 og Fögrubrekku.

Bent skal á að leigutakar húsnæðis á ofangreindum lóðum teljast einnig til hagsmunaaðila og skulu húseigendur kynna tillöguna fyrir þeim. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa.

Kynning hefst þann 14. nóvember nk. og skal athugasemdum við ofanskráða tillögu komið í gegnum www.skipulagsgatt.is undir máli nr. 1356/2024, á skipulagsfulltrúa skriflega eða á netfangið jonragnar@ry.is eigi síðar en 12. desember 2024. Þeir sem ekki senda inn athugasemdir fyrir tilskilinn frest teljast tillögunni samþykkir.

Virðingarfyllt


Jón Ragnar Örlygsson
Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa